

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 21. mars 2006.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga (547. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur það í sér að skattaumhverfi líknarfélaga verði breytt.

Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum um minnkandi skattbyrði. Hér er hinsvegar ekki um tillögu um skattalækkun að ræða heldur er hér mælt fyrir um enn eina skattaundanþágu. Á viðskiptaþingi 2005 kynnti Viðskiptaráð tillögur sínar um flata skatta. Þegar talað er um flata skatta er átt við eitt skattþrep án undantekninga. Slíkt einfalt kerfi er til þess fallið að fækka undanskotum auk þess sem það skapar jafnræði milli ólíkra tegunda tekna og ólíkra atvinnuvega. Með einföldu kerfi er einnig tryggt að markmiði skattheimtu sé náð, þ.e. að afla ríkissjóði tekna.

Eins og nefnt er í greinargerð með tillögunni þjóna líknarfélög mikilvægu hlutverki í samfélaginu og mun hlutverk þeirra líklega fara vaxandi á næstunni. Rétt er að taka undir ummæli í greinargerð þess efnis að líknarfélög séu í mörgum tilfellum betur í stakk búin til að leysa vandamál heldur en hið opinbera. Það að starfsemi þjóni mikilvægu hlutverki eru hinsvegar ekki rök fyrir því að starfsemin eigi að vera skattfrjáls. Ýmis lífsnauðsynleg starfsemi eins og sala á matvælum er mjög mikilvæg en samt sem áður ber að greiða skatta af þeirri starfsemi.

Almennar skattalækkanir myndu nýtast líknarfélögum best. Slíkar lækkanir minnka ekki aðeins skattbyrði líknarfélaganna sjálfra heldur einstaklinga og fyrirtækja sem hafa þannig meira svigrúm til að láta fé af hendi rakna til góðar málefna.

**Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson